

Nd.

1091. Nefndarálit

[455. mál]

um frv. til l. um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrir neðri deild liggja nú þrjú þingmál, mál 455, 456 og 457, sem eru náskyld. Þau fjalla um að skipta Framkvæmdastofnun ríkisins upp í þrjár stofnanir. Í staðinn fyrir eitt höfuð verða þau nú þrjú. Tilgangur frumvarpanna er að fullnægja kröfum landsfundar markaðshyggjuflokksins um að leggja Framkvæmdastofnunina niður. Hér er því um nafnbreytingu að ræða annars vegar, hins vegar er hér á ferðinni enn ein tilraunin til þess að láta markaðssjónarmiðin fá yfirhöndina á öllum sviðum efnahagslífsins.

Annar minni hl. hefur þegar skilað álitum um Framkvæmdasjóð og Bygðastofnun og flutt við þau frumvörp breytingartillögur.

Verður nú í þessu nál. farið nokkrum orðum um málið í heild og sérstaklega um 455. mál.

1. Fullrytt er að þessi frumvörp eigi að stuðla að því að draga úr ríkisafskiptum. Hvað er hæft í því? Í rauninni er verið að auka miðstýringarvald ríkisins. Rök:

A. Framkvæmdasjóður er settur undir embættismenn á vegum þriggja ráðherra. Vald Alþingis – þingræðisins – verður að engu.

B. Ríkið á að eiga, svo að segja eitt, nýtt hlutafélag með a. m. k. 200 milljónum kr. í hlutafé.

C. Í lögum um Framkvæmdastofnun er gert ráð fyrir því að hún heyri undir ríkisstjórnina í heild. Í frv. ríkisstjórnarinnar nú eiga allar stofnanirnar að heyra undir forsætisráðherra einan. Forsætisráðherra á þannig – einn – að fara með allt vald ríkisins yfir þróunarfélaginu sem getur þýtt það að hann hafi úrslitavald um ráðstöfun 500 – 700 milljóna króna.

Niðurstaðan er því þessi: Það er verið að styrkja embættismannavaldið, verið að auka vald eins ráðherra — hvort tveggja á kostnað Alþingis.

2. Samkvæmt frumvörpunum er beinlínis dregið úr áherslu löggjafans á byggðasjónarmið og í staðinn lögð áhersla á vald markaðarins, fjármagnsins. Þetta gerist á sama tíma og landsbyggðin stendur álíka höllum fæti og á viðreisnarárum Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Þannig segir Framsóknarflokkurinn sig frá byggðastefnunni sem er sérstaklega athyglisvert miðað við aðild hans að ríkisstjórninni árin 1971–1974.

3. Í frumvörpum er hvergi tekið á heildarvandamálum atvinnulífsins en framleiðslugreinarnar búa nú við stórfellda erfiðleika eins og kunnugt er.

4. Í frumvörpunum er ekkert sem tryggir raunverulega nýsköpun í atvinnulífinu. En það er athyglisvert að Framsóknarflokkurinn skuli nú ætla að stela orðinu „nýsköpun“ eftir áratuga baráttu gegn hvers konar nýsköpun í atvinnulífinu. Enda er „nýsköpun“ Framsóknarflokksins nafnið tómt.

5. Í frumvarpinu er opnað fyrir það að fyrirtæki geti keypt sig inn í þróunarfélgið og þannig keypt sér aðgang að niðurgreiddu fjármagni, með öðrum orðum gjafafé úr ríkissjóði. Þó er bersýnilegt að ríkisstjórnin hefur enga trú á félaginu því að meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar flytur nú tillögu um undantekningarákvæði frá hlutafélagalögum þannig að hluthafar í þróunarfélaginu geti verið færri en fimm talsins.

6. Í frumvarpinu um þróunarfélag er hvergi um að ræða **stefnubreytingu í atvinnumálum sem raunverulega gæti stuðlað að nýsköpun í atvinnulífinu**. Þar er ekki minnst á nauðsyn þess að efla sérstaklega smáfyrirtæki né heldur gjaldeyrissparandi fyrirtæki. Frumvarpið er svo opið að það er augljós hættu á því að **ríkisfjármunir verði hér notaðir í stórum stíl í fyrirgreiðslupólitík helmingaskiptaflokkanna**.

Af þessum ástæðum telur 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar ekki ástæðu til þess að afgreiða frumvarp þetta á yfirstandandi þingi og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 3. júní 1985.

Svavar Gestsson.